

Persónuverndarstefna

Með persónuverndarstefnu þessari er greint frá því hvernig Atlantsorka ehf., kt. 691220-1170, Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði (hér eftir „Atlantsorka“ eða „félagið“), stendur að vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini og aðra einstaklinga sem tengjast félaginu. Atlantsorka hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með í samræmi við gildandi persónuverndarlög hverju sinni og virða réttindi einstaklinga.

Hvaða upplýsingum er safnað og um hverja?

Hjá Atlantsorku er unnið með persónuupplýsingar í tengslum við rekstur og þjónustu félagsins. Stefna þessi gildir um vinnslu sem félagið hefur með höndum um viðskiptavini, forsvarsmenn og starfsfólk viðskiptavina ef um lögaðila er að ræða, aðra sem hafa samband við félagið, nýta sér þjónustu og/eða heimsækja starfsstöðvar eða vefsvæði félagsins, verktaka, birgja, starfsfólk og umsækjendur um störf (hér eftir „þú“).

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að Atlantsorka geti veitt þér eða fyrirtækjum, sem þú starfar hjá eða ert í forsvari fyrir, þá vöru eða þjónustu sem óskað hefur verið eftir. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað eftir eðli viðskiptasambandsins.

Atlantsorka vinnur einkum með eftirfarandi persónuupplýsingar eftir því sem við á:

- *Auðkennis- og samskiptaupplýsingar:* Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang og eftir atvikum aðrar grunnupplýsingar. Upplýsingar um tengsl þín við lögaðila sem er í viðskiptasambandi við Atlantsorku ásamt upplýsingum um starfsheiti, símanúmer og netfang hjá viðkomandi. Afrit af lögbundnum eða rafrænum skilríkjum, auðkenningarleið og -aðferð.
- *Samskipta- og samningsupplýsingar:* Upplýsingar um raforkunotkun, mælistað og samskipti við félagið hvort sem þau fara fram bréflaga, rafrænt svo sem í tölvupósti eða í gegnum netspjall eða app, með símtali, munnlega eða á annan hátt og aðrar upplýsingar sem leiða af samningssambandi þínu við félagið um einstaka vörur eða þjónustu.
- *Fjárhags- og reikningsupplýsingar:* Korta- eða greiðsluupplýsingar og aðrar upplýsingar sem þörf er á svo unnt sé að afhenda þá vöru eða þá þjónustu sem þjónustan eða viðskiptasambandið nær til, s.s. um færslur, veltu og greiðslusögu, heimildir, úttektarmörk og afslætti, fjárhagsstöðu þína, lánshæfi og eftir atvikum skuldastöðu.
- *Upplýsingar sem safnast við rafræna vöktun:* Hljóð- og myndbandsupptökur sem safnast við rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum eða hljóðupptöku símtala og annarra rafrænna samskipta.
- *Tæknilegar upplýsingar og afleiddar upplýsingar:* Búnaður og tæki sem notuð eru til að tengjast vefsvæði félagsins, s.s. IP-tala, tegund snjalltækis og vafra og hvaða aðgerðir þú framkvæmir á vefnum.
- *Upplýsingar sem safnast í tengslum við starfsúmsókn og/eða starf:* Upplýsingar úr starfsúmsókn og fylgigögn, s.s. prófskírteini og upplýsingar frá meðmælendum og eftir atvikum ljósmynd. Sé einstaklingur ráðinn í starf er einnig unnið með upplýsingar um ráðningartíma, fjölskylduaðstæður, starfskjör, bankareikning, launaupplýsingar,

upplýsingar í tengslum við skattgreiðslur og meðlagsgreiðslur, lífeyrissjóð og ef við á séreignarsjóð. Upplýsingar um viðveru, fjarveru og ástæður fjarveru, þ.m.t. orlof, ásamt upplýsingum sem fram koma í starfsmannasamtölum.

- *Viðkvæmar persónuupplýsingar:* Ekki er útilokað að félagið vinni viðkvæmar persónuupplýsingar, aðallega um starfsfólk félagsins, s.s. um heilsufar, lífkenni, stjórnmalaskoðanir og stéttarfélagsaðild, t.d. ef þú sjálfur afhendir slíkar upplýsingar eða í þágu ráðningarsambands við starfsfólk.
- *Aðrar upplýsingar og opinberar upplýsingar:* Upplýsingar úr opinberum skrá, s.s. þjóðskrá, ökutækjaskrá, hlutafélagaskrá og öðrum opinberum skrá. Framangreind upptalning er ekki tæmandi en félagið getur unnið aðrar upplýsingar um þig sem eru nauðsynlegar hverju sinni eftir eðli viðskiptasambandsins eða samskipta þinna við félagið.

Í hvaða tilgangi eru persónuupplýsingar unnar og með hvaða heimild?

Öll vinnsla Atlantsorku á persónuupplýsingum fer fram í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum eða öðrum lögum sem eiga við starfsemi félagsins, almennum raforkuskilmálum félagsins eða öðrum sérskilmálum, samningum eða samþykki einstaklinga. Þú getur hvenær sem er dregið til baka samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga og er þá þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á vinnslu persónuupplýsinga fram að afturkölluninni.

Atlantsorka vinnur aðallega með persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi að:

- Hafa samband við þig, auðkenna þig, stofna og viðhalda viðskiptasambandi og veita umbeðna vöru eða þjónustu á sviði raforkusölu, heimila reikningsviðskipti, ákveða sjálfsafgreiðsluheimildir og framkvæma efni samnings milli þín og félagsins og veita þá þjónustu sem boðið er upp á í starfseminni.
- Eiga samskipti við þig, svara fyrirspurnum eða bregðast við ábendingum eða kvörtunum.
- Stofna viðskiptareikning eða vegna umsóknar um reikningsviðskipti þ.m.t. staðfesta fjárhagslegt hæfi þitt, viðhafa áhættu- og fjárstýringu, innheimta og vakta kröfur í vanskilum í tilefni vanskila.
- Tryggja öryggis- og eignavörslu og vernda viðskiptavini, starfsfólk og aðra sem eiga erindi við félagið, stuðla að rekjanleika viðskipta og rannsaka, upplýsa eða koma í veg fyrir lögbrot og aðra refsiverða og/eða aðra ámælisverða háttsemi.
- Stuðla að net- og upplýsingaöryggi með því að greina, rannsaka og koma í veg fyrir hvers kyns misferli, fjársvik eða netógnir.
- Þróa vöru og þjónustuframboð félagsins, bæta virkni vöru eða þjónustu, í þágu gæða- og umbótastarfs.
- Stunda markaðs- og kynningarstarf, meðal annars með því að veita persónubundna þjónustu, senda þér upplýsingar um afslætti, fríðindi og önnur sérkjör og eftir atvikum með töku ljósmynda og myndbandsupptökum á kynningum og öðrum viðburðum sem félagið kann að taka.
- Reka vefsvæði og eftir atvikum vefþjónustur félagsins eða smáforrit félagsins sem og bæta notendaupplifun á vefsvæðum félagsins.
- Greiða starfsfólki og öðrum verktökum laun, vinna úr starfsumsóknum og í stjórnunarlegum tilgangi vegna starfsemi félagsins
- Uppfylla lagaskyldu sem hvílir á félaginu eða starfsfólki þess hverju sinni.

Í ákveðnum tilvikum er unnið með persónuupplýsingar vegna þess að Atlantsorka, þú sjálfur eða þriðji aðili hefur lögmæta hagsmuni af því að upplýsingar séu unnar. Vinnsla persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar, m.a. með markaðs- og markhópagreiningu, vinnsla í þágu net- og upplýsingaöryggis og til að tryggja öryggis- og eignavörslu, m.a. með eftirlitsmyndavélum, og rekjanleika viðskiptafyrirmæla fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna. Félagið sendir þér reglulega upplýsingar um þjónustu, afslætti og önnur sérkjör á rafrænan hátt. Sömuleiðis grundvallast þróun og prófun á nýjum vörum og þjónustuleiðum og tölfræðigreining á lögmætum hagsmunum félagsins. Ávallt er leitast við að vinna persónuupplýsingar í framangreindum tilgangi á ópersónugreinanlegan hátt ef mögulegt er.

Hvaðan fær Atlantsorka persónuupplýsingar?

Að meginstefnu til aftar Atlantsorka persónuupplýsinga frá einstaklingi sjálfum. Einstaklingur lætur jafnframt af hendi persónuupplýsingar með óbeinum hætti, t.d. þegar hann heimsækir vefsíður Atlantsorku þar sem vefkökur eru notaðar og aðgerðarskráning fer fram.

Neiti einstaklingur að afhenda Atlantsorku persónuupplýsingar eða andmælir vinnslu þeirra getur það haft áhrif á það hvort eða hvernig Atlantsorka veiti viðkomandi þjónustu.

Atlantsorka kann í einhverjum tilvikum að afla persónuupplýsinga frá þriðja aðila, svo sem lögaðila sem er í viðskiptum við félagið, samstarfs- og vinnsluaðilum eða opinberum aðilum, s.s. Þjóðskrá Íslands, Netorku eða CreditInfo, þegar fyrrnefndir aðilar hafa heimild til miðlunar slíkra upplýsinga. Áður en persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila leitast félagið eftir að upplýsa þig um slíkt.

Hverjum afhendir Atlantsorka persónuupplýsingar?

Atlantsorku kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila, svo sem í tengslum við samningssamband viðkomandi við félagið eða vegna þjónustu til þín eða fyrirtækis sem þú ert tengiliður fyrir. Sem dæmi kann upplýsingum að vera miðlað til fyrirtækja sem annast greiðslumiðlun (t.d. banka eða kortafyrirtækis), rekstrar- og hýsingaraðila upplýsingakerfa, fjárhagsupplýsingastofu eins og CreditInfo eða ráðningarfyrirtækis vegna starfsumsóknna. Framangreindir samstarfs- og vinnsluaðilar eru valdir af kostgæfni og félagið afhendir ekki persónuupplýsingar til þeirra nema þeir geti staðist öryggiskröfur sem félagið gerir til þeirra.

Komi til innheimtuaðgerða vegna kröfu Atlantsorku getur jafnframt þurft að miðla persónuupplýsingum til innheimtuaðila skv. innheimtulögum eða fjárhagsupplýsingastofu í tilefni af skráningu á vanskilaskrá. Í vissum tilvikum kann félaginu að vera skylt að afhenda að afhenda persónuupplýsingar þínar til yfirvalda eða annarra aðila á grundvelli lagaskyldu, s.s. til stjórnvalda, löggæslu- og skattýfirvalda og dómstóla.

Kjósir þú að hafa samband við Atlantsorku í gegnum vefsíðu félagsins eða samfélagsmiðla þá gæti verið að veitendur samfélagmiðlaþjónustunnar fái aðgang að upplýsingum og hvetjum við þig til að kynna þér vel persónuverndaryfirlýsingar þeirra.

Réttindi þín vegna vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga

Atlantsorka gætir þess við alla vinnslu persónuupplýsinga að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að hinir skráðu geti neytt réttinda sinna samkvæmt persónuverndarlögum. Með fyrirvara um þau skilyrði sem nánar er fjallað um í persónuverndarlögum, átt þú rétt á að:

- Þú átt rétt á staðfestingu á því hvort unnið sé með persónuupplýsingar þínar og ef svo er til aðgangs að þeim persónuupplýsingum. Þá áttu jafnframt rétt á ákveðnum lágmarksupplýsingum um tilhögun vinnslu sem m.a. eru veittar í stefnu þessari.
- Þú getur óskað eftir að tiltekna persónuupplýsingar sem þú hefur afhent Atlantsorku verði *fluttar* til annars ábyrgðaraðila ef það er tæknilega framkvæmanlegt, eða beint til þín. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem afhentar hafa verið á grundvelli samþykkis þíns eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti.
- Þú getur hvenær sem er óskað eftir að rangar eða óáreiðanlegar persónuupplýsingar um þig verði *leiðréttar*. Í ákveðnum tilvikum átt þú jafnframt rétt á að tilteknum persónuupplýsingum um þig sé *eytt*.
- Þú getur ávallt *andmælt* vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. gerð persónusniðs, sem fer fram í þágu beinnar markaðssetningar og afþakkað kynningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu félagsins. Einnig getur þú andmælt tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga vegna sérstakra aðstæðna þinna. Loks getur þú í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð tímabundið.

Ef til þess kemur að Atlantsorka útbúi persónusnið um þig svo sem til að meta eða spá fyrir um ákveðna þætti er varða hagi þína, hegðun eða þjónustunotkun mun félagið ávallt tryggja að slík vinnsla sé sanngjörn og gagnsæi gagnvart þér og byggji á viðeigandi öryggisráðstöfunum. Sjálfvirk ákvarðanatöku og eftir atvikum gerð persónusniðs sem hefur bein áhrif á hagsmuni þína fer einungis fram á grundvelli samþykkis þíns, ef hún er nauðsynleg til að gera eða efna samning milli þín og félagsins eða ef lög heimila. Dæmi um slíka ákvarðanatöku er ef nauðsynlegt er að synja þér um þjónustu eða reikningsviðskipti vegna útistandandi vanskila hjá Atlantsorku eða ef þú hefur verið úrskurðaður gjaldþrota eða sætt árangurslausu fjárnámi samkvæmt skráningu í vanskilaskrá.

Viljir þú nýta rétt þinn samkvæmt framangreindu eða koma á framfæri athugasemdum eða vefengt sjálfvirka ákvarðanatöku getur þú sent skriflega beiðni á personuvernd@atlantsorka.is.

Öryggi persónuupplýsinga

Atlantsorka leggur ríka áherslu á að tryggja öryggi persónuupplýsinga á öllum stigum vinnslu og reynir eftir fremsta megni að takmarka eða draga úr vinnslu slíkra persónuupplýsinga þegar þess er ekki þörf með skipulagslegum og tæknilegum

ráðstöfunum. Dæmi um slíkar öryggisráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum þar sem upplýsingar eru vistaðar, notkun eldveggja auk þess sem starfsfólk fær reglulega þjálfun og fræðslu um persónuvernd og netógnir. Þessum ráðstöfunum er ætlað að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað og svik og vernda persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi, glötun, eyðileggingu, breytingum fyrir slysi og ólögumætri notkun.

Atlantsorka leggur áherslu á að takmarka skuli aðgang að upplýsingum við þá starfsmenn sem nauðsynlega þurfa slíkan aðgang til að ná fram tilgangi vinnslunnar. Starfsfólk Atlantsorku er jafnframt upplýst um skyldu sína til að viðhalda trúnaði og tryggja öryggi persónuupplýsinga við upphaf starfa sinna.

Félagið hefur komið upp ferlum um hvernig skuli meðhöndla mögulega öryggisbrot við vinnslu persónuupplýsinga s.s. ef grunur er uppi um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila. Í slíkum tilvikum er Persónuvernd, viðeigandi eftirlitsstofnunum og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest í samræmi við persónuverndarlög.

Rafræn vöktun öryggismyndavéla og hljóðritun símtala

Rafræn vöktun fer fram með öryggismyndavélum á starfsstöðvum Atlantsorku og við önnur mannvirki félagsins í þágu öryggis- og eignavörslu. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun eru ekki varðveittar lengur en reglur Persónuverndar um rafræna vöktun heimila nema skýr heimild sé til staðar fyrir lengri varðveislu. Þá eru persónuupplýsingar sem safnast við rafræna vöktun einungis notaðar í þágu tilgangs með söfnun þeirra og ekki afhentar öðrum en löggæsluyfirvöldum vegna lögreglurannsóknar eða öðrum aðilum á grundvelli skýrrar heimildar, t.d. váttryggingafélögum vegna tjónamála. Strangar aðgangstakmarkanir gilda um aðgang að efni sem safnast við rafrænt eftirlit og það er eingöngu skoðað ef upp kemur ágreiningur milli Atlantsorku og viðskiptavinar, grunur um refsiverða háttsemi eða í þágu innra eftirlits.

Símtöl og eftir atvikum önnur rafræn samskipti eru hljóðrituð í samræmi við ákvæði laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Hljóðritun símtala fer fram í þeim tilgangi að tryggja öryggi og rekjanleika í viðskiptum. Hljóðrituð símtöl eru ekki varðveittar lengur en reglur Persónuverndar um rafræna vöktun heimila nema skýr heimild sé til staðar fyrir lengri varðveislu.

Varðveislutími

Atlantsorka varðveitir aðeins persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar í samræmi við ákvæði laga og varðveislustefnu félagsins. Almennt eru persónuupplýsingar varðveitta á meðan á viðskiptasambandi stendur, eins lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir félagsins krefjast.

Efni sem safnast við rafræna vöktun er einungis varðveitt í 30 daga nema lög kveði á um annað eða lögmætir hagsmunir krefji.

Samskipti við Atlantsorku og við Persónuvernd

Atlantsorka ehf. ber ábyrgð á að öll meðferð persónuupplýsinga samræmist persónuverndarlögum og reglum og telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga þinna. Persónuverndarfulltrúi Atlantsorku hefur eftirlit með því að farið sé eftir stefnu þessari og gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi félagsins. Þú getur beint fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum varðandi meðferð persónuupplýsinga eða öryggi þeirra ásamt beiðnum er varða réttindi þín til persónuverndarfulltrúa félagsins á netfangið personuvernd@atlantsorka.is.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga þinna hjá Atlantsorku getur þú haft samband við Persónuvernd. Við vonum samt að þú leitir fyrst til okkar með ábendingu eða kvörtun svo hægt sé að bregðast við. Kjósir þú að snúa þér beint til Persónuverndar getur þú sent tölvupóst á netfangið postur@personuvernd.is eða með því að senda bréfpóst til Persónuverndar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík, Ísland.

Yfirferð og endurskoðun

Atlantsorka getur frá einum tíma til annars uppfært persónuverndarstefnu þessa í samræmi við breytingar sem kunna að vera gerðar á söfnun eða vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu.

Allar breytingar taka gildi við birtingu uppfærðrar stefnu á vefsíðu Atlantsorku.

Fyrst samþykkt, 23.08.2023.